

Íslenskur iðnaður

10. tölublað 18. árg.

Október 2012

Samtök iðnaðarins

SI

Samtök norrænna leikjaframleiðenda stofnuð sjá nánar bls. 3



Stjörnu-Oddi stækkar við sig

Hátæknifyrirtækið Stjörnu-Oddi flutti nýlega starfsemi sína í tvöfalt stærra og endurbætt húsnæði í Garðabænum en með því getur fyrirtækið tvöfaldað framleiðslugetu sína og fjölgað starfsmönnum auk þess sem aðstaða til þróunar tækninýjunga og sérhæfðrar framleiðslu eykst til muna.

Nýja húsnæðið er 915 fermetrar, en

starfsmenn eru í dag 24 auk þess sem ráðgjafar koma að vissum verkefnum og umboðsaðilar vinna fyrir fyrirtækið á nokkrum stöðum erlendis.

Stjörnu-Oddi hf. var stofnað 1985 og er orðið eitt fremsta fyrirtæki í heimi á sviði rafeindamerkja sem notuð eru til rannsókna á sjávardýrum. Mælitækin eru smáir síritar sem safna saman gögnum

Fulltrúar samtaka leikjaframleiðenda á Norðurlöndunum skrifuðu undir stofnsamninginn í ráðhúsi Reykjavíkur. Borgarstjóri Reykjavíkur, Jón Gnarr bauð að undirskrift lokinni til móttöku og ávarpaði ásamt atvinnuvega- og nýsköpunarráðherra, Steingrími J. Sigfússyni samkomuna.

Frá vinstri, Sæmundur Guðbjörnsson, framkvæmdastjóri Stjörnu-Odda, Svana Helen Björnsdóttir, formaður SI og Sæmundur E. Kristjánsson verkfræðingur.

um ýmsa umhverfisþætti, s.s. dýpi, hitastig og seltu, auk þess að geta sýnt stefnu, halla og tekið á móti staðsetningu. Gögnin er hægt að skoða á PCTölvu í gröfum og töflum, þar sem hver mæling hefur sína dagsetningu og klukku. Markmið rannsóknaraðila með notkun fiskmerkjanna er að hafa upplýsingagrunninn það góðan að hægt sé að bæta veiðiráðgjöfina til sjálfbærrar nýtingar á fiskauðlindum. Verið er að útvíkka markaðslega skírskotun félagsins með því að sækja inn á nýja markaði með tilbúna vörur.

Stjörnu-Oddi var stofnað af Björgvini Guðbjörnssyni, Jóhönnu Ástvaldsdóttur, Kristófer Ástvaldssyni og Sigmari Guðbjörnssyni.

bls. 2



Krefjandi áskoranir

bls. 3

Óviðunandi neylustýring aðför að íslenskum iðnaði

bls. 4



Félagsmenn SI geta krafist endurgreiðslu

bls. 5



Staða og horfur...

bls. 7



Lambhagi hlýtur Fjöreggið

Krefjandi áskoranir

Þótt bati sé hafinn í hagkerfinu standa félagsmenn í Samtökum iðnaðarins frammi fyrir krefjandi áskorunum.



Bjarni Már Gylfason
hagfræðingur SI

Gengislánin enn ókláruð

Fjögur ár eru liðin frá falli bankanna og krónunnar. Tvö ár eru liðin síðan kaupleigusamningar voru dæmdir ólögleg lán og eitt ár er liðið frá því að fjármögnunarleigusamningar voru dæmdir sem ólögleg lán. Samt eru þessi mál og uppgjör fyrirtækja ófrágengin. Afleiðingin er sú að efnahagsreikningur mjög margra fyrirtækja er óljós og þar með geta þeirra til að standa í eðlilegum atvinnurekstri. SI hafa lagt sitt af mörkum með því að reka stefnumarkandi dómsmál sem enn hafa ekki skilað neinu í vasa félagsmanna. Fjármálaeftirlitið virðist vera vanmáttugt til að rækja skyldur sínar og á meðan býr atvinnulífið við óþolandi óvissuástand. Fjármálaframtækin virðast tefja málin eins og þau geta. Ein afleiðing þessara tafa er að fyrirtækin veigra sér við að sækja fram og fjárfesta.

Ekkert lát á hækkun skatta

Fjórða árið í röð standa fyrirtækin í

landinu frammi fyrir skattahækkunum af ýmsum toga. Iðnaðurinn fær stóran skerf þetta árið en nú stendur til að hækka vörugjöld á matvæli um ríflega þriðjung sem mun líklega helst lenda á sykrudum vörum. Réttlættingin er manneiddissjónarmið og meint offita landsmanna. Orkufrekur iðnaður fær einnig sinn skerf enda ætla stjórnvöld að ganga á bak orða sinna og framlengja orkuskatta sem áttu að leggjast af núna samkvæmt sérstöku samkomulagi sem gert var 2009. Réttlættingin er að stóridju fyrirtækin hafi hagnast svo af veikugengi krónunnar síðustu misserin. Þau rök eru afar veik.

Staðreyndin er sú skattaáformin nú vega mjög að starfsskilyrðum fyrirtækja okkar sem að óbreyttu munu þurfa að bregðast við með því að draga úr umsvifum. Undanfarin ár hefur alda skattahækkana riðið yfir en nú er einfaldlega nóg komið. Loka þarf fjárlagagatinu með öðrum hætti.

Kjaramálin erfið

Fjöldmargir félagsmenn hafa áhyggjur af stöðu kjaramála enda ljóst að forsendur kjarasamninga munu ekki halda, einkum vegna mikillar verðbólgu. Að nokkru marki er við atvinnurekendur að sakast enda samþykktu þeir kjarasamningana og greiddu út launahækkningar. En forsenda þess að menn trúðu því að fjárfestingar myndu aukast var að tryggingagjald myndi lækka og aðstæður myndu réttlæta umsamdar launahækkningar. Ef stjórnvöld hefðu staðið við gefin loforð í yfirlýsingu sinni frá 5. maí 2011 væri staða atvinnulífsins betri. Þá væri að líkindum til innistæða fyrir hækkun launa um 3,25% í febrúar á næsta ári. Fyrir iðnaðinn og öll fyrirtæki í landinu er ákaflega mikilvægt að tryggingagjaldið lækki í takt við minnkandi atvinnuleysi. Þannig verður best tryggt að störfum taki að fjölga á ný. Ekki síður er mikilvægt að listi vanefnda stjórnvalda í tengslum við gerð síðustu kjarasamninga styttest.

Umsvif víða að aukast

Því miður er ofangreint bara hluti þeirra áskorana sem félagsmenn standa frammi fyrir. Baráttan fyrir bættum starfsskilyrðum iðnaðarins heldur áfram og þótt ýmsir smásigrar hafi unnist á liðnum árum í þeim efnu er listinn yfir það sem miður hefur farið miklu lengri.

Þótt víða séu aðstæður krefjandi eru umsvifin samt að aukast. Sem betur fer eru fjöldmörg fyrirtæki í sókn, hagnast, fjárfesta og fjölga starfsfólki. Það á hins vegar ekki enn við um hagkerfið í heild. Ef hagkerfið á að komast á beinu brautina til frambúðar verða starfsskilyrðin að batna.



Hvað er að fréttu?

Samtök iðnaðarins leggja metnað í að birta fréttir af fyrirtækjum innan sinna raða í Íslenskum iðnaði og á vefsetri Samtakanna www.si.is.

Hvetjum félagsmenn til að benda okkur á efni eða senda okkur fréttir á netfangið rakel@si.is



Óviðunandi neyslustýring aðför að íslenskum iðnaði

Stjórn SI samþykkti á stjórnarfundum um miðjan september ályktun um fjárlagafrumvarpið fyrir 2013 sem að mati SI veldur miklum vonbrigðum.

Mótmæltu Samtökin meðal annars þeim ásetningi stjórnvalda að afla 800 milljóna króna árlega með því að skattleggja vörur með vörugjöldum sem að þeirra mati teljast óhollar. „Óskynsamlegt er að leggja skatta á vörur vegna óljósra tengsla neyslu og holdafars. Hækkun vörugjalda á margvíslegar sykraðar vörur mun ekki hafa áhrif á heilsu- eða holdafar landsmanna en mun leggjast hart á samkeppnishæfa innlenda framleiðslu“ segir í ályktun stjórnar SI.

Stjórnir Samtaka mjólkur- og kjötvinnslufyrirtækja (SMK) og Landssamband bakameistara (LABAK) fylgdu í kjölfarið og skoruðu á stjórnvöld að draga hugmyndir um hækkun vörugjalda á matvæli til baka. Í ályktunum beggja samtaka segir að litlar líkur séu á að hækkun vörugjalda á sykraðar vörur hafi áhrif á heilsu- eða holdafar landsmanna. Auknar álögur komi aftur á móti hart niður á fyrirtækjum og neytendum, annars vegar með hærra vöruverði og hins vegar aukinni verðbólgu sem leiðir til hærri greiðslubyrði af lánnum.

Vörugjöld á matvæli leggjast mun harðar á íslenska framleiðslu en innflutning. Hækkun vörugjalda á matvæli mun ekki aðeins hækka vöruverð til neytenda heldur stefna fjölda starfa í matvælaíðnaði í hættu. Það rýmar illa við yfirlýsta stefnu ríkisstjórnarinnar um að standa vörð um heimilinn í landinu, efla atvinnulíf og fjölga störfum. Útfærsla hinnar auknu skattheimtu lá ekki fyrir þegar blaðið fór í prentun. SI munu berjast gegn auknum álögum á matvæli með öllum tiltækum ráðum og leggja kapp á að verja samkeppnisstöðu íslenskra matvæla.



Samtök norrænna leikjaframleiðenda

framhald af forsiðu

Samtök norrænna leikjaframleiðenda Nordic Game Institute voru stofnuð þann 15. október. Fulltrúar samtaka leikjaframleiðenda á norðurlöndunum skrifuðu undir stofnsamninginn í ráðhúsi Reykjavíkur.

Klaus Hansen frá The Danish Producers Association var kjörinn formaður.

Borgarstjóri Reykjavíkur, Jón Gnarr bauð að undirskrift lokinni til móttöku og ávarpaði ásamt atvinnuvega- og nýsköpunarráðherra, Steingrími J. Sigfússyni og nýkjörnum formanni NGI samkomuna.

Í máli borgarstjóra og ráðherra kom fram að þeir hafa þó nokkra reynslu af tölvuleikjum. Borgarstjóri heldur meiri en hann myndi sennilega flokkast með alvöru tölvuleikjaspilurum meðan ráðherra hefur látið sér nægja að grípa í einn og einn leik með börnum sínum.

Stofnun samtakanna markar tímamót enda um ört vaxandi iðnað að ræða. Norrænu leikjafyrirtækin eru 330 og er árleg velta um 360 milljón evra og starfa þar rúmlega 4000 manns.

Markmiðið með samnorrænum samtökum er að gæta hagsmuna norrænna leikjaframleiðenda, skapa öflugan samstarfsvettvang og stuðla að uppbyggingu þessa ört vaxandi iðnaðar.

Meðal verkefna er að standa fyrir norrænni leikjaráðstefnu árlega, byggja upp viðskiptasambönd og efna til kynninga á alþjóðlegum vettvangi auk þess að efna til samvinnu við annan skapandi iðnað samanber kvikmyndaiðnað, sjónvarp og tónlistariðnað.

Stofnun samtakanna hefur verið í undirbúningi undanfarið ár og á rætur að rekja til Nordic Game Program sem Norræna ráðherranefndin hefur rekið. Það verkefni var hins vegar tímabundið og er senn á enda. Það er því mikilvægt að fá sterk samtök til að vinna að þessum málum í samstarfi við ráðherranefndina og lykilmenn í hverju landi.

IGI eru samtök 10 tölvuleikjafyrirtækja innan raða Samtaka iðnaðarins. Þau voru formlega stofnuð í september 2009 og eru samstarfsvettvangur tölvuleikjaframleiðenda á Íslandi. Hlutverk samtakanna er að stuðla að auknu samstarfi fyrirtækja, menntastofnana og stjórnvalda um þekkingaruppbyggingu og tækni sem einkennir greinina.



Átta skólar takast á í Boxinu

Samtök iðnaðarins, Háskólinn í Reykjavík og Samband íslenskra framhaldsskólanema standa fyrir BOXINU sem nú er haldið í annað sinn laugardaginn 3. nóvember. Markmiðið með keppninni er að kynna og vekja áhuga á tækni, tækninámi og störfum í iðnaði.

Fjórtán skólar víðsvegar af landinu sendu lið í keppnina. Þau tóku þátt í forkeppni þar sem átta efstu liðin komust áfram. Það eru: Verkmennaskólinn á Akureyri, Menntaskólinn í Reykjavík, Menntaskólinn á Akureyri, Verslunarskóli Íslands, Tækniskólinn, Menntaskólinn við Sund, Fjölbrotaskóli Suðurnesja og

Iðnskólinn í Hafnarfirði. Hvert lið er skipað af fimm einstaklingum. Keppnin felst í þrautabraut með nokkrum stöðvum og fara liðin á milli og leysa ólíkar þrautir á hverjum stað. Þrautirnar reyna bæði á hugvit og verklag.

Fyrirtæki úr ólíkum greinum iðnaðarins, ÍAV, Marel, Skema, Gæðabakstur, Actavis, Járnsmiðja Óðins og Marorka útbjuggu þrautirnar í samstarfi við fræðimenn frá HR.

Háskólinn í Reykjavík er opinn á keppnisdag Boxins og eru áhugasamir velkomnir að fylgjast með liðunum leysa þrautirnar.

Félagsmenn SI geta kafið fjármála- fyrirtæki um endurgreiðslu

Óheimilt að endurreikna ólögleg gengistryggð lán á íslenskum seðlabankavöxtum afturvirk

Með dómi Hæstaréttar í máli Borgarbyggðar gegn Arion banka hafnaði rétturinn þeirri málsástæðu bankans að dómafordæmi Hæstaréttar í svokölluðu Mendez-máli ætti eingöngu við um lánasamninga einstaklinga við fjármála-fyrirtæki. Var það mat réttarins að augljós aðstöðumunur væri á bankanum og sveitarfélaginu í viðskiptum þeirra.

Lán Borgarbyggðar endurreiknað

Í kjölfar fyrri dóma Hæstaréttar um ólögmati gengislána var lán Borgarbyggðar endurreiknað aftur í tímann eins og hagstæðustu vextir Seðlabankans hefðu gilt um það í stað samningsvaxta. Í málinu krafðist Borgarbyggð þess hins vegar að samningsvextir yrðu látnir gilda þar sem afborganir sveitarfélagsins hefðu talist fullnaðargreiðslur. Með fullnaðarkvittun er átt við að greiðsla höfuðstóls og vaxta telst fullnaðargreiðsla og skuldari verður ekki krafinn um frekari vexti ef móttakandi hefur tekið við greiðslunni án athugasemda.

Ólögleg innheimta

Samkvæmt dómnum er óheimilt að endurreikna ólögleg gengistryggð lán á íslenskum seðlabankavöxtum afturvirk eins og lög 151/2010 (Árnáðslögin) kveða á um, óháð því hvort um er að ræða lán til fyrirtækja eða einstaklinga. Að mati SI er nú ekkert því til fyrirstöðu að fjármálafyrirtækin hefji tafarlaust endurútreikning á lánum með þeirri aðferðarfræði sem lýst er í dómi Hæstaréttar.

Reikniðferðin skv. dómi Hæstaréttar felur í sér að allar afborganir skuldar sem inntar hafa verið af hendi koma að fullu til frádráttar höfuðstól. En höfuðstóllinn skal hvorki bera gengistryggingu né verðbætur af öðrum toga. Fjárhæð vaxta hafi ekki áhrif svo fremi sem þeir hafi verið að fullu greiddir fyrir viðkomandi tímabil.

SI hvetja félagsmenn sína sem þegar hafa gert upp gengisbundin ólögleg lán að gera sem fyrst kröfu á viðkomandi fjármálastofnun til að tryggja rétt sinn þar sem kröfurnar bera ekki dráttarvexti fyrir en þær eru settar fram.

Þau tilvik sem falla undir þennan dóm

geta verið margvísleg og má nefna nokkur sem eru félagsmönnum SI vel kunn:

- Kaupleigusamningar sem hafa verið endurreiknaðir í íslenskum krónum
- Fjármögnunarleigusamningar sem hafa verið dæmdir ólögleg lán og hafa verið endurreiknaðir. Einnig þeir fjármögnunarleigusamningar sem hafa verið dæmdir ólöglegir en endurreikningur hefur ekki verið gerður, svokallaðir Íslandsbankasamningar.



Vestfirskir verktakar hljóta D-vottun

Vestfirskir verktakar ehf. hafa staðist úttekt á fyrsta þrepi áfangaskiptrar gæðavottunar Samtaka iðnaðarins og hlotið D-vottun. Fyrirtækið er það fyrsta á Vestfjörðum sem fær vottun SI.

D-vottun er fyrsti hluti gæðavottunarkerfis SI sem tekið er upp í fjórum áföngum. Í því felst að rekstur fyrirtækis er gerður skilvirkari. Fyrirtækið fer í gegnum stefnumótun þar sem afkoma hvers verks eða vöru er skilgreind. Við þetta eykst framleiðni og fyrirtækin skila meiri hagnaði.

Vestfirskir verktakar voru stofnaðir þann 8. október árið 2003 þegar starfsemi þriggja fyrirtækja, Eiríkur og Einar Valur hf., GS trésmíði og Múrkraftur, sameinadist.

Markmið Vestfirska verktaka er að veita alhliða fyrsta flokks þjónustu á sviði nýbygginga, almenns viðhalds og endurbóta. Hjá fyrirtækinu starfa í dag 25 manns.

Staða og horfur...

Nýverið hringdu starfsmenn SI í ríflega 150 af stærstu félagsmönnum Samtakanna. Markmiðið er tvíþætt: Annarsvegar til að styrkja og efla tengsl við þá en hinsvegar að fá góða tilfinningu fyrir ástandi og horfum fyrirtækjanna. Að þessu sinni var einkum rætt um ástand og horfur á næstu mánuðum, afkomu, starfsmannamál, fjárfestingar og lítillega um Evrópumál. Ekki var um formlega könnun að ræða og því eru niðurstöður ekki settar fram á tölfræðilegu formi.

Almennt um stöðu fyrirtækja

Fyrirtækin innan SI sinna afar fjölbreyttum rekstri og eðlilega eru aðstæður ólíkar. Af samtölum við félagsmenn má ráða að greinilegur bati er hafinn í íslenska hagkerfinu enda var hagvöxtur á síðasta ári 2,6% og á þessu ári stefnir í álíka mikinn vöxt. Flest fyrirtæki, sem einkum starfa á innlendum markaði, merkja aukin umsvif en ekki endilega betri afkomu. Þótt umsvifin séu að aukast fjölga fá fyrirtæki starfsmönnum í takti við vöxtinn. Enn virðist vera mögulegt að auka framleiðslu án þess að fjölga starfsmönnum. Tölur frá Hagstofunni um fjölgun vinnustunda styðja þetta. Þótt fyrirtæki fjölgi almennt ekki starfsmönnum er athyglisvert hversu margir nefna skort á fagfólki. Það skýrist meðal annars af því að í sumum greinum hefur mikill fjöldi fólks farið utan til starfa en hins vegar að ekki útskrifast nægjanlega margir með viðeigandi menntun. Fyrirtæki í tækni- og hugverkagreinum fjölga helst starfsmönnum en sem fyrr er umtalsverður skortur á fólki. Fyrirtæki í þeim geira ráða nýútskrifaða án reynslu og þjálfu upp. Í málmíðnaði og rafverktöku er skortur á fagmenntuðu fólki helsta ástæða þess að fyrirtækin fjölga ekki starfsmönnum.

Almennt má segja að þótt efnahagsbati sé hafinn meti menn aðstæður í efnahagslífinu frekar slæmar og sjá ekki fram á að þær batni til muna á næstunni.

Atvinnuvegafjárfestingar

Frá efnahagshruni hafa fjárfestingar verið í algeru lágmarki eða um 13% af landsframleiðslu. Talið er að þetta hlutfall þurfi að vera nálægt 20% til að framleiðslugeta samfélagsins vaxi með eðlilegum hætti. Nokkur aukning kemur fram skv. þjóðahagreiðningum en vegna þess að samdrátturinn var svo gífurlegur árin 2009-2011 þarf hún að verða miklu meiri til að koma fjárfestingarstiginu í eðlilegt horf. Svör félagsmanna benda

eindregið til þess að lítið sé fjárfest og þá helst til að viðhalda framleiðslugetu en ekki til að auka afköst. Á þessu eru sem betur fer undantekningar og í einstökum greinum er sótt fram.

Varðandi fjárfestingar í orkufrekum iðnaði er ljóst að ekki ríkir bjartsýni á að ný verkefni fari í gang. Það skýrist af mikilli óvissu í heimsbúskapnum, einkum í Evrópu. Ekki er mikil tiltrú á framvindu í Helgúvík en hins vegar binda menn vonir við fyrirhugaðar fjárfestingar við álverið á Grundartanga. Í þeim geira hafa menn miklar áhyggjur af áformum stjórnvalda um orkuskatta og ítrefuðum brotum á samningum.

Íbúðafjárfestingar hafa verið litlar undanfarin fjögur ár. Margt bendir til að talsvert fleiri nýjar íbúðir verði byggðar á þessu ári og því næsta en verið hefur en samt talsvert undir langtímameðaltali undanfarinna áratuga. Það offramboð húsnæðis, sem myndaðist 2008, er að mestu upp urið og spenna á fasteigna- og leigumarkaði bendir til að skortur sé á tilteknum tegundum af húsnæði sem aftur styður við fasteignamarkaðinn. Hins vegar er byggingakostnaður enn mikill, lóðaframboð lítið, lóðaverð ekki í takti við þarfir og ný byggingareglugerð ekki til þess fallinn að auðvelda nýbyggingar.

Helstu ógnanir

Margir viðmælendur nefna gjarnan banka og fjármálafyrirtæki þegar rætt er um ógnanir í umhverfi þeirra. Bankarnir virðast vera að herða tökin þar sem það er hægt og viðleitni þeirra til að koma til móts við fólk í erfiðleikum eftir kreppuna fer minnkandi. Í þessu samhengi kom oft fram hversu óheppilegt er að enn skuli ríkja óvissa um niðurstöðu gengislána hjá fyrirtækjum.

Í sumum greinum er skortur á fagfólki nefnt sem ógn. Hvað það varðar hafa menn m.a. áhyggjur af samkeppnishæfni

íslenskra fyrirtækja sem þurfa keppa um fólk sem er eftirsótt allstaðar.

Útflutningur hefur verið ein helsta líffæð íslenska hagkerfisins í kreppunni. Óhætt er að fullyrða að aðstæður á erlendum mörkuðum valda mönnum hér á landi talsverðum áhyggjum. Á tilteknum mörkuðum, s.s. með stóriðjuafurðir, hefur afurðaverð lækkað mikið og haft mikil áhrif hér á landi. Fyrirtæki hér á landi hafa almennt ekki dregið úr framleiðslu en á því eru þó undantekningar. Ekki er fyrirsjáanlegt að útflutningur aukist og lítið er fjárfest í aukinni afkastagetu til að nýta lágt raungengi.

Ekki er að sjá að gjaldeyrishöft, sem slík, valdi starfandi fyrirtækjum erfiðleikum en enginn vafi er á að höftin draga verulega úr áhuga fjárfesta. Takmarkaður áhugi á fjárfestingarleið Seðlabankans styður þetta.

Hækkandi matvælavæðing í heiminum, einkum á korni, veldur íslenskum matvælaframleiðendum erfiðleikum og ekki er fyrirsjáanlegt að miklar hækkningar undanfarin misseri gangi til baka. Margir matvælaframleiðendur hafa ennfremur áhyggjur af áformum stjórnvalda um sykurskatta og líklegt að þeir leggjist þungt á marga framleiðendur.

Yfirvofandi launahækkun samkvæmt kjarasamningi í febrúar veldur mörgum áhyggjum sérstaklega í ljósi þess að stjórnvöld hyggjast ekki lækka tryggingagjald í takt við það sem fyrirtæki bjuggust við. Óttast margir að erfiðt verði að bregðast við þeim hækkunum og að launahækkun verði að mestu leyti velt út í verðlag. Almennt eru menn ósáttir við niðurstöður síðustu kjarasamninga en telja verður ólíklegt að vilji sé fyrir að segja upp samningum í vetur með þeirri óvissu sem því fylgir.

Evrópumál

Sem fyrr eru skoðanir félagsmanna á Evrópumáum ákaflega skiptar. Almennt má þó segja að nokkuð víðtækur stuðningur sé við að ljúka aðildarviðræðum og fá samning. Nú má draga má þá ályktun að niðurstaða Capacent könnunar meðal félagsmanna í byrjun þessa árs sé lítið breytt.

Nánari úttekt á samtölum við félagsmenn verður birt í næsta tölublaði Íslensks iðnaðar.



ReMake Electric valið helsta fjárfestingatækifæri í Evrópu 2012

Íslenska hátæknifyrirtækið ReMake Electric er að mati evrópska orkubúnaðar- og tækjageirans helsta fjárfestingartækifæri í Evrópu árið 2012. Matið fór fram hjá markaðs- og ráðgjafarísanum Frost & Sullivan sem starfar í 6 heimsálfum, en verðlaunin eru hluti af árlegu „Best Practices Awards“ frá Frost & Sullivan í Evrópu.

ReMake Electric hannar, framleiðir og markaðssetur nýja mæli- og tölvubúnaði auk hugbúnaðar fyrir raforkueftirlit til að ná fram sparnaði og nýtni í raforkunotkun. Ásamt ReMake voru fyrirtæki á borð við Siemens, ABB, Sennheiser og Hewlett Packard sem unnu til verðlauna fyrir sína nýsköpun, samkeppnishæfni og framsýni en ReMake Electric skarar fram úr í heildarlausnum til greiningar og eftirlits á raforkunotkun og álagi.

Jónas Björgvin Antonsson, Gogogic kjörinn nýr formaður IGI

Jónas Björgvin tekur við af Sigurði Eggerti Gunnarssyni. Aðrir í stjórn eru Ólafur Andri Ragnarsson Betware, Anna Katrín Ólafsdóttir CCP, Hilmar Ö. Egiilsson Fancy Pant Global og Þorsteinn Baldur Friðriksson Plain Vanilla. Varamenn eru Stefanía Halldórsdóttir CCP og Jóhannes Sigurðsson Gogogic

Í ársskýrslu IGI kom meðal annars fram að á starfsárinu 2011-2012 hefði ráðstefnan „The Future Is Bright“ verið haldin í annað sinn og að farið hefði verið í viðamikla stefnumótunarvinnu innan samtakanna. Níu leikjafyrirtæki eru aðilar að IGI sem stofnað var sem starfsgreinahópur hjá SI í september 2009.



Gagnagrunnur um umhverfis- og vinnuverndarlöggjöf

Aðilar í Samtökum iðnaðarins geta fengið aðgang að gagnagrunni um lagakröfur á sviði umhverfismála og vinnuverndar. Aðgangur að grunninum auðveldar fyrirtækjum að hafa yfirsýn yfir lög og reglur sem varða rekstur þeirra. Dregin eru fram atriði varðandi iðnfyrirtæki sérstaklega og þau sett fram á aðgengilegan hátt. Boðið er upp á leit í grunninum sem auðveldar fyrirtækjum að finna kröfur sem varða ákveðin mál.

Breytingar eru vaktaðar og áskrifendum þannig auðveldað að fylgjast með nýjum kröfum og breyttum reglum. Tvisvar á ári er sent yfirlit yfir breytingar sem orðið hafa á löggjöfinni. Þetta hentar meðal annars þeim sem eru með virka umhverfisstjórnun og rýna reglulega kröfur á sviði umhverfis- og öryggismála. VSÓ Ráðgjöf rekur grunninn og sér um að viðhalda gögnum og uppfæra þau reglulega. Nokkur fjöldi fyrirtækja nýtir sér þjónstuna nú þegar og vel er látið af henni.

Aðildarfyrirtæki SI, sem vilja nýta þessa þjónustu, er bent á að hafa samband við Bryndísi Skúladóttir, bryndis@si.is.

DataMarket kynnti nýtt gagnatorg í Hvíta húsinu

Upplýsingatæknifyrirtækið DataMarket var boðið að kynna nýjustu afurð sína DataMarket Energy á sérstökum kynningardegum í Hvíta húsinu í Bandaríkjunum í byrjun október. Gengur dagurinn undir nafninu Energy Datapalooza og er ætlaður frumkvöðla-fyrirtækjum til að kynna vörur og þjónustu sem tengjast gagnavinnslu í kringum orkuviðnaðinn í Bandaríkjunum. Það er vísindagagnatorg og tæknisvið Hvíta hússins sem stendur fyrir uppákomunni ásamt Orkumálaráðuneyti Bandaríkjanna.

Á nýja orkugagnatorgi DataMarket eru um 10 þúsund gagnasett með rúmlega tveimur milljónum breytna fyrir tíma frá 13 upplýsingaveitum. Meðal þeirra eru gögn frá Alþjóðabankanum, Sameinuðu þjóðunum, orkumálaráðuneyti Bandaríkjanna auk fjölda stofnana tengdar orkumálum. Framkvæmdastjóri DataMarket, Hjálmar Gíslason, kynnti hugbúnaðinn.

Nám er vinnandi vegur - átak í starfsmenntun 2012-2013 - síðari úthlutun

Mennta- og menningarmálaráðuneyti auglýsir eftir umsóknum um styrki til að efla starfsmenntun samkvæmt ákvörðun ríkisstjórnarinnar um átakið Nám er vinnandi vegur. Styrkjunum er ætlað að sporna við neikvæðum félagslegum og efnahagslegum afleiðingum atvinnuleysis og efla starfstengt nám á framhalds- og háskólastigi og í framhaldsfræðslu. Til úthlutunar eru 70 milljónir króna. **Umsóknarfrestur er til 8. nóvember.**

Lögd er áhersla á þróun nýrra námsúrræða og tilraunakennsla námskeiða fyrir einstaklinga af erlendum uppruna og þróun námsbrauta í starfsnámi á 4. þrepi viðmiðaramma aðalnámskrár framhaldsskóla. Vinna við styrkt verkefni skal fara fram á árinu 2013. Verkefni skulu vera raunhæf og í takt við stefnu nýrra laga um menntamál. Nánari upplýsingar á vef mennta- og menningaráðuneytis.

Lambhagi hlýtur fjöreggið



Fjöldmenn var á Matvæladegi MNÍ sem haldinn var 16. október. Umfjöllunar-efni ráðstefnunnar var matvælaöryggi og neytendavernd.

Í upphafi ráðstefnunnar afhenti Orri Hauksson, framkvæmdastjóri SI og formaður dómnefndar, Hafberg Þórisssyni, stofnanda og eiganda Lambhaga, Fjöregg MNÍ.

Fjöreggið er verðlaunagripur, hannaður af Gleri í Bergvís og er veittur er á hverjum matvæladegi fyrir lofsvert framtak á sviði matvæla eða næringar. SI hafa gefið gripinn frá upphafi.

Í dómnefndinni sátu, auk Orra, Sigríður Eysteinsdóttir, næringarráðgjafi á Heilbrigðisstofnun Suðurnesja og Fjórdungssjúkrahúsins á Akureyri, Margrét Dórothea Sigfúsdóttir, skólameistari við Hússtjórnarskóla Reykjavíkur, Gunnar Ingi Sigurðsson, framkvæmdastjóri

Hagkaups og Ásmundur Þorkelsson, matvælafræðingur og heilbrigðisfulltrúi.

Fjölmargar ábendingar bárust en fimm tilnefningar fengu sérstaka umfjöllun af því að þær þóttu skara fram úr fjölda ábendinga sem barst til keppinnar.

Gróðrarstöðin Lambhagi var tilnefnd fyrir ræktun á salati og kryddjurtum

Niðurstaða dómnefndar var sú að Lambhagi væri verðugur handhafi Fjöreggsins í ár. Fyrirtækið hefur allt frá stofnun árið 1979 unnið mikla þróunarvinnu við að finna plöntutegundir sem henta við íslenskar aðstæður, en stór hluti framleiðslunnar er ræktaður í gróðurhúsum. Nýverið hafa verið í gangi tilraunir með ræktun á spínati sem lofa góðu og auk þess framleiðir Lambhagi hunang. Lambhagi hefur átt þátt í útvíkkun matarmenningar Íslendinga með breiðu og fersku vöruúrvali allan ársins hring og samtímis dregið úr þörf á dýrum innflutningi.

Samtök iðnaðarins óska Lambhaga hjartanlega til hamingju með viðurkenninguna.

Aðrir tilnefndir voru **Matís** – fyrir Kjötbókina á rafrænu formi. **Niels Hjaltason** deildarstjóri gæðaeftirlits hjá Sláturfélagi Suðurlands – fyrir störf í matvælaíðnaði um árabíl. **Skólamatúr** – fyrir fagleg vinnubrögð við framleiðslu og dreifingu á mat til skólabarna. **Vignir G. Jónsson** – fyrir vinnu við að tryggja öryggi og gæði framleiðslu sinnar, afurða úr sjávarfangi.

Samstarf er lykill að árangri

Fundaröð um nýja byggingarreglugerð

Samtök iðnaðarins, Mannvirkjastofnun, Arkitektafélag Íslands, Verkfræðingafélag Íslands, Tæknifræðingafélag Íslands, Samband íslenskra sveitarfélaga og Félag byggingarfulltrúa standa fyrir fundum í október og nóvember um land allt um nýja byggingarreglugerð, samræmingu eftirlits og leiðir til aukinna samskipta innan byggingageirans.

Um opna fundi er að ræða sem ætlaðir eru hönnuðum, tæknimönnum, iðnaðarmönnum, eftirlitsaðilum og öðrum áhugasömum.

Upphaf verkefnisins má rekja til fundar sem haldinn var á Akureyri í lok mars 2012 þar sem berlega kom fram þörf hjá þessum aðilum að ræða um þær breytingar sem hafa átt sér stað með tilkomu hinna nýju laga og reglugerðar. Í kjölfarið var ákveðið að halda samskonar fundi sem víðast á landinu.

Tilgangur fundanna er að kynna breytt starfsumhverfi mannvirkjageirans, gefa hlutaðeigandi tækifæri til að spyrja þeirra spurninga sem brenna á þeim og koma með ábendingar um hvað betur megi fara.

Búið er að halda fundi á Ísafirði, Egilsstöðum og Sauðárkróki sem allir voru vel sóttir. Næstu fundir verða í Stykkishólmi 2. nóvember, á Hellu 9. nóvember, í Reykjanesbæ 16. nóvember og Reykjavík 23. nóvember.

Til máls taka Friðrik Á. Ólafsson, forstöðumaður Meistaradeildar SI, Björn Karlsson, forstjóri Mannvirkjastofnunar, Logi Már Einarsson, formaður Arkitektafélags Íslands, byggingarfulltrúi viðkomandi svæðis og Magnús Sædal fyrir hönd Félags byggingarfulltrúa. Að erindum loknum er boðið upp á fyrirspurnir og umræður.

Íslenskur iðnaður

Fréttablað Samtaka iðnaðarins
10. tbl. 18. árg. Október 2012
ISSN 1022-7741

Fór í prentsmiðju: 26.10.2012
Prentvinnsla: Prenttækni ehf.
Plastpökkun: Bjarkarás
Ljósmyndir: Odd Stefán, forsiða, Birgir Ísleifur Gunnarsson og Haraldur Guðjónsson
Útgefandi: Samtök iðnaðarins, Borgartúni 35, 105 Reykjavík, sími: 591 0100, fax: 591 0101
Kennitala: 511093-2019
www.si.is, netfang: ritstjorn@si.is
Ábyrgðarmaður: Orri Hauksson
Ritstjóri: Rakeļ Pálsdóttir
Umbrot: Þóra Ólafsdóttir

Fjölmiðlum er frjálst að nota ritað efni úr Íslenskum iðnaði í heild sinni eða að hluta. Fjölmiðlamenn eru vinsamlegast beðnir að geta heimildar í slíkum tilvikum.



SME Week helguð frumkvöðlastarfi kvenna

Ein vika á ári undanfarin þrjú ár hefur verið helguð nýsköpunarfyrirtækjum og frumkvöðlum í Evrópu undir yfirskriftinni SME Week eða evrópska fyrirtækjavikan. Í ár var vikan tileinkuð frumkvöðlastarfi kvenna með áherslu á menntun, fjármögnun, fjárfestingar, tengslanetið og alþjóðavæðingu eða svo kölluð „born global“ fyrirtæki.

Frumkvöðlar eru framtíðin

Ráðstefnan var haldin í Salnum í Kópavogi 18. október undir yfirskriftinni *Frumkvöðlar eru framtíðin*. Efnið var sniðið að þörfum allra frumkvöðla og hagsmunaaðila í stuðningsumhverfi nýsköpunar og frumkvöðlastarfs á Íslandi. Reynt var að stíga á stökk, þær búa yfir ólíkri og fjölbreyttri reynslu á því ferli sem frumkvöðlar þurfa að ganga í gegnum við stofnun og rekstur eigin fyrirtækis. Leitast var við að svara spurningum í tengslum við alþjóðavæðingu fyrirtækja, fjárfestingarmati, nálganir og aðferðir við fjármögnun og mikilvægi tengslanetsins bæði í innlendu og erlendu samhengi.

Vilborg talsmaður evrópsku fyrirtækjavikunnar

Vilborg Einarsdóttir, frumkvöðull og einn af aðaleigendum og jafnframt framkvæmdastjóri fyrirtækisins Mentor var talsmaður evrópsku fyrirtækjavikunnar í ár fyrir Íslands hönd. Í pallborðsumræðu í Brussel deildi hún reynslu sinni þar sem fjöldi frumkvöðla var saman kominn. Talsmenn evrópsku fyrirtækjavikunnar eru valdir að teknu tilliti til árangurs þeirra bæði á heimamarkaði og á erlendum mörkuðum og þykja því verðugur fyrirmyndir fyrir þema ársins.

Samstarfsaðilar framkvæmdastjórnar ESB og framkvæmdaraðilar vikunnar á Íslandi eru Nýsköpunarmiðstöð Íslands, Rannís, Íslandsstofa, Nýsköpunarsjóður atvinnulífsins og Samtök iðnaðarins.

Nýir félagsmenn SI

Sigurplast ehf.
Völuteigi 17-19
270 Mosfellsbæ

Tæki ehf.
Hjallahrauni 2
220 Hafnarfirði

Alterego Studios ehf.
Hlíðarsmára 11
201 Kópavogi

Mystack ehf.
Hlíðarsmára 11
201 Kópavogi

Bísel ehf.
Eyrarvegi 59
800 Selfossi

Hugmyndasmiðir framtíðarinnar verðlaunaðir

Verðlaun voru veitt í lokahófi Nýsköpunarkeppni grunnskólanemenda. Keppnin var nú haldin í 21. sinn, en athöfnin fór fram í HR. Samtals 40 þátttakendur víðsvegar af landinu tóku þátt í vinnusmiðju NKG. 1.100 hugmyndir bárust frá 32 grunnskólum.

Forseti Íslands, hr. Ólafur Ragnar Grímsson verndari keppinnar, afhenti verðlaun og flutti hátíðarræðu. Katrín Jakobsdóttir, mennta- og menningarmálaráðherra flutti hvatningarræðu, afhenti viðurkenningarskjöl til þátttakenda og farandbikar til grunnskóla. Þá kynntu þátttakendur hugmyndir sínar fyrir gestum, en JCI stóð fyrir framsöguþjálfun í vinnusmiðju keppinnar.

Tilgangur nýsköpunarkeppinnar er að efla nýsköpunarstarf í grunnskólum og gera börnum grein fyrir sköpunargáfu sinni og hvernig þroska megi hana í gegnum vinnu með eigin hugmyndir.


Farandbikar til nýsköpunarskóla ársins í flokki minni og stærri skóla

Farandbikarinn í flokki stærri skóla, fyrir hlutfallslega flestar hugmyndir í keppninni, hlaut Hofstaðaskóli í Garðabæ. Er þetta fjórða árið í röð sem Hofstaðaskóli hlýtur bikarinn.

Farandbikarinn í flokki minni skóla, fyrir hlutfallslega flestar hugmyndir í keppninni, hlaut Brúarásskóli Fljótsdalshéraði. Þetta er í fyrsta skipti sem Farandbikarinn er veittur skólum í flokki minni skóla.

Guðrúnarbikar

Anna Hulda Ólafsdóttir afhenti bikarinn til minningar um móður sína Guðrúnu Þórsdóttir en hann hlaut María Jóngerð



Gunnlaugsdóttir úr Egilsstaðaskóla. Hugmynd hennar „líkamsleikur“ vann til fyrstu verðlauna í flokki tölvu- og tölvuleikja. Guðrúnarbikarinn er veittur hugmyndasmið sem er talinn hafa skarað framúr fyrir hugmyndaríki, dugnað, kurteisi og samviskusemi. María Jóngerð hlaut Guðrúnarbikarinn til eignar með þá von að bikarinn fylgi sá kraftur og hvetjandi innblástur sem fylgdi Guðrúnu Þórsdóttur, sem var ein af upphafsáðilum keppinnar.

Nýsköpunarkeppni grunnskólanemenda er haldin á vegum Mennta- og menningarmálaráðuneytisins. NKG verkefnalausnir sjá um framkvæmd og rekstur NKG. Aðalbachjarl er Marel. Bachjarlar eru Háskólinn í Reykjavík, Háskóli Íslands, Landsbankinn og Samtök iðnaðarins.

Sjá nánar um verðlaunahafa á vefsetri SI www.si.is